

1869.

11. febrúar.

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um leyfi til að verzla við frakkneska fiskimenn.

Með bréfi dagsettu 30. októbermán. f. á. hafð þér, herra amtmáður, sent hingað bænarskrá, þar sem Hákon Bjarnason, verzlunarstjóri á Þingeyri við Dýrafjörð í Ísafjardarsýslu, sækir um leyfi til að mega koma upp sölubúð á Sveinseyrarodda, sem liggur við sama fjörðinn, og selja frakknesku fiskimönnum þaðan ýmsa hluti, sem þeir þyrftu með, einkum alls konar tóbak, kaffi, sikur, áfenga drykki, tjöru, hamp, steinkol og annað sem þyrfti til skipanna, og vetlinga og sokka handa skipshöfnunum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það, að samkvæmt lögum þeim, sem nú eru í gildi, verður slíkt leyfi ekki veitt.

11. febrúar.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa skotmannafélöginu í Reykjavík til bissukaupa.

Með bréfi dagsettu 15. nóvembermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem skotmannafélag nokkurt, sem stofnað hefir verið í Reykjavík, sækir um að fá nokkrar „Minie“-bissur með sömu kjörum og skotmannafélögin hér í landi. Hafð þér lagt fram með, að skotmannafélögin annaðhvort verði útvegaðar 10 til 20 „Minie“-bissur að láni hjá herliðsstjórninni, með því skilyrði, að þeim verði skilað aptur óskemmdum, þegar þess verður krafist, eða að félaginu verði veittur 100 rd. styrkur til þess að kaupa sèr „Minie“-bissur, með þeim skilmála, að, ef lærisveinunum í Reykjavík skóla seinna meir kynni að verða veittur kostur á að efa sig á að fara með bissur, félagið láti þá borgunarlaust fram bæði bissurnar, sem það kaupir, og skotbraut þá og skothýsi, sem það hefir komið upp, til afnota við slíkar æfingar.